

Fundargerð Stjórnarfundur 21. Febrúar 2013

Sigurður, Kristín, Aðalsteinn og Hrönn mætt

Sigurður setur fund, les síðustu fundargerð frá því 13. Janúar 2013 og hún samþykkt.

Kauptilboð frá Inga Tryggvasyni – gengið frá sölu á húsnæði skv. samningum. Spurning hvað gera eigi við kaupverðið, rætt hvort greiða eigi niður skuldir félagsins við bankann eða við afreksmannasjóð. Ákveðið að fela gjaldkera að greiða niður lán sambandsins.

Tillögur að lagabreytingum fyrir sambandsþing 2013 eru samþykktar af stjórn:

8. gr. Laga UMSB verði breytt svona:

Stjórn er heimild að ráða starfsfólk til starfa við sambandið eftir þörfum og fjárhag á hverjum tíma.

Bæta við 4. Gr. Lóttóreglna

Greinin heitir Skerðingar

- a) Allar skerðingar renna til UMSB

Og að c) liður 3. Gr. Lóttóreglna hljómi svo: Um skerðingu er að ræða ef félagið sendir ekki fulltrúa á formannafund UMSB: Sendi félagið ekki fulltrúa á formannafund UMSB skerðist úthlutunarfé þess félags um 25% við næstu úthlutun en hefur síðan ekki áhrif á aðra úthlutunardaga á eftir.

Samþykkir að skipa laganefnd UMSB og að hún yfirfari lög sambandsins í heild sinni m.t.t. skil á starfsskýrslum til ÍSÍ, UMFÍ og UMSB, einnig að gjalddagi sé settur á félagaskatt

Landsmót UMFÍ: sambandið hvatt af Byggðarráði til að sækja um lienhver Landsmót UMFÍ á næstu árum. Stjórn samþykkir að sækja um Landsmót UMFÍ 2017, Unglingalandsmót UMFÍ 2016, Landsmót 50+ árið 2015.

Ársreikningur UMSB – DRÖG: félagaskattur hefur minnkað á milli ára og lottótekjur líka. Spurning hvort sérverkefnasjóður sem hingað til hefur verið tekinn inn í rekstur félagsins verði talinn inni bæði tekjur og gjöld.

Samingar UMSB og BB: Tillögur hafa borist frá Hmf. Skugga, Hmf. Faxe og Golfklúbb Borgarness og þær ræddar.

Loka tillaga að framtíðarstefnu UMSB lögð fram og samþykkt af hálfu stjórnar.

Fundi slitið kl. 23.30